

Fsp. varðandi lagningu ökutækja í "snúningshausum"

Til : Helga Stefánsdóttir
Frá : Andri Árnason <andri@juris.is>
CC : Hólmfríður B. Sigurðardóttir <holmfridur@juris.is>
Heiti : Fsp. varðandi lagningu ökutækja í "snúningshausum"
Málsnúmer : 1505207
Málsaðili : Rannveig Sigurðardóttir
Skráð dags : 21.09.2015 16:03:32
Höfundur : Andri Árnason <andri@juris.is>

Viðhengi image001.jpgimage001.jpg

Sæl.

Vísun til fyrirspurnar til okkar varðandi lagningu bíla í lokuðum botnlöngum („snúningshausar“).

Höfum farið yfir gögn varðandi álitamál í tengslum við ofangreint, þ.m.t. svar lögreglu varðandi fsp. hér að lútandi og minnispunkta fyrrv. bæjarlögmanns.

Rétt er að taka fram að svar lögreglu lúti að lagningu almennra ökutækja. Það svar sem við höfum undir höndum frá lögreglunni er í stuttu máli svohljóðandi:

„Engin ákvæði í umferðarlögum og samþykktum bannar lagningu ökutækja, nema sem um getur í 20. gr., í svokölluðum snúningshaus að Erluás enda hafa engin umferðarmerki/bannmerki verið sett upp vegfarendum til leiðbeiningar. Vegna þessa og með vísan til ofangreinds þá hefur lögreglan ekki heimild eða úrræði til að banna eða láta fjarlægja ökutæki sem lagt er í „snúningshaus“ í Erluási nema um skírt brot er að ræða samkvæmt umferðarlögum og/eða Lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Lögreglan beitir ekki þvingandi úrræðum nema með stoð í lögum.“

Svarið verður ekki skilið öðruvísi en svo að lögreglan telji sér óheimilt að banna eða láta fjarlægja ökutæki nema mælt sé með skýrum hætti fyrir um slíkt brot í umferðarlögum og/eða lögreglusamþykkt Hafnarfjarðarbæjar. Slíkt bann við lagningu ökutækja í snúningshaus sé að mati lögreglunnar ekki að finna í umferðarlögum, þar sem bannmerki hafi ekki verið sett upp, né í 20. gr. lögreglusamþykktarinnar.

Verður að fallast framangreind rök um að lögreglunni sé óheimilt að beita valdheimildum nema mælt sé með skýrum hætti fyrir um bann og valdheimildir í lögum á þeim tíma sem atburðurinn á sér stað. Um það vísast t.d. 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Kemur þá til skoðunar hvort um sé að ræða brot sem lögreglunni er jafnframt heimilt að beita valdheimildum gegn.

Ákvæði **20. gr. lögreglusamþykktar Hafnarfjarðarbæjar** hljóðar svo:

20. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Á götum má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum nema með leyfi lögreglustjóra.

Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum, opnum svæðum, óbyggðum lóðum og stígum. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, veitt undanþágu frá ofangreindu.

Vörubifreiðum sem eru 5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutningabifreiðum sem flytja mega 10 farþega eða fleiri má ekki leggja á götum eða almenningsbifreiðastæðum þ.m.t. almennum bílastæðum í íbúðarhverfum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt.

Staða eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, tjaldvagna, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða hættu er bönnuð á götum og almennum bifreiðastæðum.

Framkvæmdasviði er heimilt að undangenginni viðvörðun, t.d. með álímingarmiða með aðvörðunarorðum, að flytja burtu og taka í vörslu Hafnarfjarðarbæjar ökutæki sem brjóta í bága við 1. mgr. - 5. mgr., ökutæki sem standa án skráningarnúmera á lóðum við almannafæri, götum og almennum bifreiðastæðum og ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og skal hann bera kostnað vegna flutnings og vörslu ökutækisins.

Samkvæmt 34. gr. var lögreglusamþykktin sett með vísan í reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007 og 1. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir.

Samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins er staða eftirvagna og tengivagna, sem og húsbíla sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða hættu bönnuð á götum og almennum bifreiðastæðum.

Ákvæði 4. mgr. tekur ekki til almennra ökutækja, þ.e. bann við stöðu almennra ökutækja á götu og almennum bifreiðastæðum er ekki að finna í 20. gr. lögreglusamþykktarinnar. Um almenn ökutæki er aðeins fjallað í 3. mgr. 20. gr. þar sem segir að bannað sé að leggja ökutæki á gangstéttum, opnum svæðum, óbyggðum lóðum og stígum.

Í þeim tilvikum sem ákvæði 1.-4. mgr. eiga við er hins vegar heimilt að beita ákvæði 5. mgr. ákvæðisins.

Hugtakið snúningshaus er hvergi skilgreint í lögreglusamþykktinni, m.ö.o. virðist ekki skýrt að snúningshaus teljist eitthvað annað en hluti götunnar. Fæst því ekki séð samkvæmt almennri orðskýringu að snúningshaus falli undir neitt þeirra atriða sem nefnd eru 3. mgr. 20. gr. samþykktarinnar. Þá falla almenn ökutæki ekki undir 4. mgr. ákvæðisins.

Með vísan til þessa virðist ákvæði 20. gr. lögreglusamþykktarinnar ekki banna með almennum hætti lagningu almennra ökutækja í snúningshaus.

Ekki fæst því séð að fyrirbyggjandi álit lögm. hafi beint fordæmisgildi fyrir þetta mál, enda virðist það álit varða stöðu tengivagns skv. 4 mgr. ákvæðisins, en ekki stöðu almennra ökutækja.

Með vísan til framangreindra umfjöllunar um 20. gr. lögreglusamþykktarinnar verðum við að fallast á að ekki virðist hægt að byggja á ákvæði 20. gr. til stuðnings því að ökutæki sé fjarlægð úr snúningshaus.

Í umferðarlögum nr. 50/1987 eru það helst ákvæði **27. og 28. gr. sem koma til skoðunar**, einkum b- og d-liður 2. mgr. 28. gr:

27. gr.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á þeim stað eða þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferðina.

Á vegi má einungis stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin. Þar sem einstefnuakstur er, má þó setja aðrar reglur, sbr. 2. mgr. 81. gr. Utan þéttbýlis má stöðva ökutæki eða leggja því

vinstra megin, ef nauðsyn krefur vegna sérstakra aðstæðna. Stöðva skal ökutæki eða leggja því við ystu brún akbrautar og samhliða henni eða utan hennar, ef unnt er.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á gangstétt eða gangstíg, nema annað sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 81. gr. Sama á við um umferðareyjar og svipaða staði.

Þegar ökumaður yfirgefur vélknúið ökutæki skal hann stöðva vél þess og búa svo um að það geti ekki runnið sjálfkrafa eða aðrir látið það fara af stað.

Opna skal dyr ökutækis þannig, að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við, þegar farið er í eða úr ökutæki, svo og við fermingu og affermingu.

28. gr.

Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því:

- a. á gangbraut eða í minna en 5 metra fjarlægð áður en að henni er komið,
- b. á vegamótum eða í minna en 5 metra fjarlægð frá næstu brún akbrautar á þvervegi,
- c. þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós,
- d. í göngum eða undir brú,
- e. í eða við blindhæð eða beygju eða annars staðar þar sem vegsýn er skert,
- f. þar sem akbraut er skipt í akreinar með hindrunarlínu eða svo nálægt slíkri línu að torveldi akstur inn á rétta akrein,
- g. á hringtorgi,
- h. á merktu staði fyrir leigubifreiðir til mannflutninga ...,1)
- i. í minna en 15 metra fjarlægð frá merki fyrir biðstöð hópbifreiða,
- [j. á merktu staði fyrir bifreiðir fatlaðra.]1)

Eigi má leggja ökutæki:

- a. á brú,
- b. þar sem ekið er að eða frá húsi eða lóð eða þannig að torveldi akstur þangað eða þaðan,
- c. við hlið ökutækis, sem stendur við brún akbrautar, annars en reiðhjóls, léttis bifhjóls eða bifhjóls,
- d. þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum, og
- e. við vatnshana slökkviliðs.

1)L. 79/2007, 1. gr.

Um viðurlög við brotum gegn umferðarlögunum er fjallað í XIV. kafla laganna.

Af ákvæði 108. gr. er ljóst að ekki er hægt að sekta fyrir brot gegn 27. og umræddum ákvæðum 28. gr. laganna. Hins vegar virðist ekki útilokað að lögreglunni sé heimilt skv. 110. gr. laganna að flytja eða láta flytja brott ökutæki, sem stendur þannig að brjóti í bága við reglur um stöðvun eða lagningu ökutækja, eða að öðru leyti þannig að það valdi truflun á umferð, snjómokstri eða vinnu við vega:

108. gr.

Leggja má gjald á vegna brota á:

- a. [ákvæðum 4. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 27. gr.,
- b. ákvæðum [a-, b-, h-, i- og j-liða]¹⁾ 1. mgr. 28. gr.],²⁾
- c. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem gefið er til kynna með umferðarmerki,
- d. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem sett er skv. 81. gr., enda þótt bannið sé ekki gefið til kynna með umferðarmerki,
- e. öðrum ákvæðum um stöðvun eða lagningu, sem sett eru skv. 81. gr. eða 1. mgr. 83. gr., og
- f. reglum um notkun stöðureita skv. 2. mgr. 83. gr.

[g. ...³⁾]⁴⁾

Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu, sem fest skal við ökutækið eða afhent ökumanni.

Lögreglan annast álagningu og innheimtu gjalds skv. 1. mgr. [Ráðherra]⁵⁾ getur ákveðið, að á tilteknum svæðum fari álagning [gjalds skv. a-f-lið 1. mgr.],⁴⁾ að öllu leyti eða að hluta, fram með aðstoð sérstakra stöðuvarða. [Hann getur og ákveðið, að ósk sveitarstjórnar, að álagning og innheimta [gjalds skv. a-f-lið 1. mgr.]⁴⁾ fari, að öllu leyti eða að hluta, fram á vegum sveitarfélagsins.⁶⁾ Rennur gjaldið þá í sveitarsjóð og skal því varið til að gera og reka bifreiðastæði og bifreiðageymslur til almenningsnota.]²⁾

Ákvörðun um álagningu gjalds verður ekki borin undir æðra stjórnvald.

[[Ráðherra]⁵⁾ ákveður fjárhæð gjaldsins.⁷⁾ Fari álagning fram á vegum sveitarfélags getur sveitarstjórn þó ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.⁸⁾ Verði á lagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests hækkar það um 50%.

[Ráðherra]⁵⁾ setur nánari reglur⁹⁾ um hvernig gjaldið skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest. Má þar ákveða að á lagt gjald, sem eigi er greitt innan nánar tiltekins frests, hækki um 100%.]²⁾

110. gr.

Heimilt er lögreglu að flytja eða láta flytja brott ökutæki, sem stendur þannig að brjóti í bága við reglur um stöðvun eða lagningu ökutækja, eða að öðru leyti þannig að það valdi truflun á umferð, snjómokstri eða vinnu við veg. Sama á við um skráningarskylt ökutæki, sem skilið hefur verið eftir án skráningarkerfja, og ökutæki, sem telja verður að eigandi hafi yfirgefið að fullu. Enn fremur ökutæki, sem stendur á einkalóð eða opinberri lóð þannig að valdi eiganda eða umráðamanni hennar tjóni eða óþægindum eða gegn banni hans. Standi ökutækið á svæði, sem ekki er ætlað til almennrar umferðar, skal það því aðeins flutt á brott, að eigandi eða umráðamaður lóðar krefjist þess.

Ökutæki skal færa til geymslu á tryggan stað, sem lögreglan vísar á, nema ökumaður eða eigandi (umráðamaður) sé viðstaddur og flytji það þegar á brott eða vísi á annan geymslustað. Er geymsla ökutækisins á ábyrgð eiganda. Kostnað vegna flutnings og geymslu skal ökumaður greiða. Ef ökumaður er óþekktur eða greiðir ekki þrátt fyrir áskorun þar um, ber eigandi (umráðamaður) ökutækisins jafnframt ábyrgð á greiðslu kostnaðarins, nema ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Heimilt er að halda ökutæki í geymslu til tryggingar greiðslu kostnaðar. Kostnað má innheimta með lögtaki.

Lögreglustjóri skal tilkynna eiganda ökutækis um flutning þess, hvenær hann fór fram og hvar ökutækið er í geymslu. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram, að verði ökutækið eigi sótt innan tiltekins frests og áfallinn kostnaður greiddur, verði það selt. Ef eigandi er óþekktur, má selja ökutækið einum mánuði eftir að það var fjarlægð.

Að loknum fresti skv. 3. mgr. skal selja ökutækið [við nauðungarsölu]¹⁾ eða til niðurrifs, ef ætla má að herra verð fáið þannig. Söluandvirði rennur í ríkissjóð. Eigandi ökutækisins getur þó, innan árs frá því sala fór fram, krafist greiðslu á söluandvirðinu, að frádregnum kostnaði við flutning, geymslu og sölu ökutækisins.

Ákvæði 3. og 4. mgr. um geymslu og sölu ökutækja gilda, eftir því sem við á, um önnur ökutæki í vörslu lögreglu eða bifreiðaeftirlits.

[[Ráðherra]²⁾ getur ákveðið, að fenginni ósk sveitarstjórnar, að framkvæmd ákvæða í grein þessari fari, eftir því sem við á, að öllu leyti eða að hluta fram á vegum sveitarfélagsins. Hann getur og sett nánari reglur um framkvæmdina, þar á meðal um greiðslu geymslukostnaðar.

Ekki verður séð að nokkru breyti um valdheimildir lögreglunnar í tengslum við lagningu og mat á því hvort hún teljist ólögleg, að brotið sé gegn samþykktu skipulagi.

Samantekt:

Með vísan til þessa virðist þeir kostir í stöðunni: 1) setja upp umferðarskilti skv. fyrirmælum umferðarlaga, 2) breyta ákvæði 20. gr. lögreglusamþykktarinnar þannig að tekið sé fram að óheimilt sé að leggja ökutæki utan skipulagðra bílastæða, eða á annan hátt vísa til svæða þar sem almennt er óheimilt að leggja ökutækjum, svo sem í botnlöngum; eða 3) að benda eigendum þeirra ökutækja sem nýta bílastæði (einkabílastæði) að leita til lögreglu í hvert skipti sem ökutæki hindrar umferð skv. b og d lið 2. mgr. 28. gr. ufl., sbr. 110. gr. ufl. um heimild lögreglu til að bregðast við ef lagning ökutækis veldur truflun á umferð í ákveðnu tilviki.

Vinsamlega hafa samband ef e-ð er frekar.

Með kveðju / Best regards,

Andri Árnason hrl.

andri@juris.is

The logo for 'juris' is displayed in a blue, lowercase, sans-serif font. The letters are bold and closely spaced.

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is

Tölvupóstur þessi og viðhengi með honum gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar, eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Hafi tölvupósturinn ranglega borist yður, vinsamlegast tilkynnið sendanda það, gætið fyllsta trúnaðar og eyðileggið sendinguna.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed. If you are not the intended recipient, you should notify the sender and delete this message. Any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.
